

10  
29. jan.

## REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 161 29. desember 1956 um söluskatt.

1. gr.

4. tölul. C liðs 6. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Flutningur á sjó á innlendum landbúnaðar- og sjávarafurðum, koli, koksi, salti, olíum og benzíni.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi.

*Fjármálaráðuneytið, 29. janúar 1957.*

F. h. r.

**Sigr. Klemenzson.**

*Jón Skaftason.*

11  
22. jan.

## AUGLÝSING

um staðfestingu félagmálaráðuneytisins á samþykktum byggingarsamvinnufélaga.

Samkvæmt lögum nr. 36/1952, um opinbera aðstoð við byggingar íbúðarhúsa í kaupstöðum og kauptúnum, hefur ráðuneytið staðfest samþykkt fyrir neðangreint byggingarsamvinnufélag:

65. Byggingarsamvinnufélag Patrekshrepps.

Varnarþing Patreksfirði. Staðfest 21. janúar 1957.

*Félagsmálaráðuneytið, 22. janúar 1957.*

F. h. r.

**Hjálmar Vilhjálmsson.**

*Gunnlaugur Þórðarson.*

12

## REIKNINGUR

yfir tekjur og gjöld Gjafasjóðs Sturlu Jónssonar á árinu 1956.

Tekjur:

1. Eftirstöðvar frá fyrra ári .....	kr. 70 622.45
2. Vextir af skuldabréfi Sturlu Friðrikssonar .....	kr. 2 500.00
3. Vextir í sparissjóðsbók nr. 66359 við Landsbanka Íslands .....	— 1 031.10
	<hr/>
	— 3 531.10
	<hr/>
Samtals	kr. 74 153.55

Til jafnaðar í sjóði til næsta árs: Gjöld:

1. Skuldabréf Sturlu Friðrikssonar .....	kr. 50 000.00
2. Inneign í sparissjóði .....	— 24 153.55
	<hr/>
	kr. 74 153.55
	<hr/>
Samtals	kr. 74 153.55

*Landlæknir, Reykjavík, 16. janúar 1957.*

**Vilm. Jónsson.**